

Kostaboð á Þingvallabók!

Félagsmönnum HÍN stendur til boða fram á vor einstaklega gott boð á vegum bókaútgáfunnar **Opnu ehf.** um að kaupa bókina *Thingvallavatn – A unique world evolving. A world heritage site*, sem að stofni til er ensk þýðing á bókinni *Þingvallavatn – undraheimur í móttun* sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2002. Hér hefur hún verið endurskoðuð rækilega, nýju efni og rannsóknum bætt við ásamt ljósmyndum og skýringarmyndum og mjög ítarlega farið í ferli umsóknar Íslands að Þingvellir verði á náttúruminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Ritstjórar ensku bókarinnar líkt og þeirrar íslensku eru Páll Hersteinsson og Pétur M. Jónasson.

Enska Þingvallabókin er kjörin gjöf handa vinum og vandamönnum í útlöndum. Í bókinni kynnist lesandinn m.a. menningarsögu Íslendinga og einstakri náttúru í þjóðgarðinum og Þingvallavatni.

Bókin kostar aðeins 5000 kr. á tilboðsverðinu. Hægt er að nálgast bókina á skrifstofu Opnu ehf. í Skipholti 50b, 105 Reykjavík (sími: 578 9080). Einnig er hætt að fá bókina afhenta hjá Náttúrufræðistofu Kópavogs, Hamraborg 6a í Kópavogi (sími: 570 0430).

Náttúruminjasafn í Öskjuhlíðinni!

Nýleg skýrsla Ríkisendurskoðunar um málefni Náttúruminjasafns Íslands ásamt blaðaskrifum um staðsetningu Náttúruminjasafnsins í Perlunni í Öskjuhlíð hefur hleypt nýju blóði í þetta brýna mál sem HÍN hefur lengi haft á oddinum. Stjórn HÍN fagnar þessari umræðu og hefur einsett sér, í samræmi við lög félagsins, að láta til sín taka þannig að viðunandi aðstaða komist á hið fyrsta varðandi sýningar og aðra starfsemi hjá höfuðsafni þjóðarinnar í náttúrufræðum – Náttúruminjasafni Íslands.

Hið íslenska náttúrufræðifélag
Afgreiðsla: Náttúrufræðistofa Kópavogs - Hamraborg 6a, IS-200 Kópavogur
Sími: 570 0430
Netfang: hin@hin.is
Heimasíða: www.hin.is
Ábm. og ritstj. félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist



Félagsbréf

1. tölublað

Febrúar 2012

37. árgangur

Aðalfundur HÍN!

Boðað er til aðalfundar Hins íslenska náttúrufræðifélags laugardaginn 25. febrúar 2012 kl. 14:00 í Kórnum, fundarsal Náttúrufræðistofu Kópavogs, Hamraborg 6a, Kópavogi.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla stjórnar HÍN fyrir árið 2011.
3. Reikningar HÍN fyrir árið 2011.
4. Skýrslur fulltrúa HÍN í nefndum fyrir árið 2011.
5. Tillögur til lagabreytinga.
6. Tillögur til ályktunar.
7. Kjör stjórnarmanna og embættismanna félagsins.
8. Kjör heiðursfélaga.
9. Önnur mál.
10. Fundarslit.

Vakin er athygli á dagskrárlíð nr. 8, en heiðursfélagi hefur ekki verið kjörinn um all langt skeið og því tími kominn til að bæta úr því!

Kaffiveitingar verða í boði.

Allir eru velkomnir!

Tillögur til lagabreytinga

Í 7. grein laga HÍN kemur fram að tillögu til lagabreytinga megi aðeins taka til afgreiðslu á aðalfundi, að hún hafi borist félagsstjórn fyrir áramót og verið kynnt félagsmönnum í fundarboði. Þó má hvorki breyta ákvæðum 2. gr. né 10. gr. Til þess að lagabreytingar öðlist gildi, þurfa þær að vera samþykktar með minnst 2/3 hluta atkvæða.

Á stjórnarfundum HÍN þann 5.12.2011 var samþykkt að kynna eftirfarandi þrjár breytingar á lögum félagsins til afgreiðslu á aðalfundi árið 2012:

1. grein. Núgildandi lög:

„Félagið heitir Hið íslenska náttúrufræðifélag. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.“

1. grein. Breytingatillaga (ensku heiti bætt við):

„Félagið heitir Hið íslenska náttúrufræðifélag (The Icelandic Natural History Society). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.“

4. grein. Núgildandi lög:

„Félagar geta allir orðið, hvort sem er hér á landi eða erlendis, með þeim skilyrðum, er hér greinir:

- a. Ársfélagar, þeir, sem greiða árlegt félagsgjald.
- b. Heiðursfélagar og kjörfélagar, þeir, sem kjörnir eru á aðalfundi eftir tillögum stjórnarinnar.

Árgjald og breytingar á því er ákveðið á stjórnarfundum.“

4. grein. Breytingatillaga (felld burt málsgrein um kjörfélaga):

„Félagar geta allir orðið, hvort sem er hér á landi eða erlendis, með þeim skilyrðum, er hér greinir:

- a. Ársfélagar, þeir, sem greiða árlegt félagsgjald.
- b. Heiðursfélagar, þeir, sem kjörnir eru á aðalfundi eftir tillögum stjórnarinnar.

Árgjald og breytingar á því er ákveðið á stjórnarfundum.“

6. grein. Núgildandi lög:

„Sjö manna stjórn sér um framkvæmdir félagsins og annast öll málefni þess. Hver stjórnarmaður er kosinn til tveggja ára í senn. Formaður er kosinn sérstaklega, en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti. Annað árið ganga út úr stjórninni formaður og þrír aðrir stjórnarmenn, en hitt árið þrjú stjórnarmenn.“

Bráðabirgðaákvæði: Við stjórnarkosningar árið 2000, þ.e. í fyrsta sinn eftir gildistöku breyttra samþykktu, skulu kosnir auk formanns fjórir stjórnarmenn og þar af einn til eins árs.“

6. grein. Breytingatillaga (felld burt málsgrein um bráðabirgðaákvæði):

„Sjö manna stjórn sér um framkvæmdir félagsins og annast öll málefni þess. Hver stjórnarmaður er kosinn til tveggja ára í senn. Formaður er kosinn sérstaklega, en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti. Annað árið ganga út úr stjórninni formaður og þrjú aðrir stjórnarmenn, en hitt árið þrjú stjórnarmenn.“

Heiðursfélagar!

Á stjórnarfundum HÍN 5.12.2011 var eftirfarandi samþykkt varðandi reglur um kjör og útnefningu heiðursfélaga:

- „1. Heiðursfélagi HÍN er sæmdarheiti, sem aðeins hlotnast mönnum, sem leyst hafa af hendi sérlega mikilsverð störf til eflingar féluginu eða náð frábærum árangri á sviði rannsókna eða kennslu í náttúrufræðum.
2. Stjórn HÍN kys féluginu heiðursfélag þegar tilefni þykir til. Til kjörs heiðursfélaga þarf samhljóða atkvæði allra aðalstjórnarmanna.
3. Stjórn HÍN er heimilt að taka við tillögum frá öðrum félagsmönnum um heiðursfélag.
4. Formaður HÍN lýsir kjöri heiðursfélaga á aðalfundi félagsins. Þegar félagsmaður er sæmdur á þennan hátt, skal ávallt skýrt opinberlega frá því, hverjir sérstakir verðleikar hafi gert hann verðan sæmdarinnar.
5. Á heiðursskjali, er fylgir útnefningu heiðursfélaga, skal rita nafn og starfsheiti þess, sem sæmdur er. Jafnframt skal þar rita, hverjir sérstakir verðleikar eru tilefni sæmdarinnar. Heiðursskjalið er undirritað af formanni HÍN.
6. Á heimasíðu félagsins skal vera listi yfir heiðursfélaga, ásamt með dagsetningu kjörs. Enn fremur skal skrá þar tilefni sæmdarinnar með sömu orðum og eru á heiðursskjalinu.
7. Heiðursfélagi skal njóta allra réttinda fullgildra félagsmanna HÍN án þess að greiða félagsgjöld. Honum skal boðið ásamt maka að sitja helstu samkomur félagsins.“